

Nd.

251. Nefndarátt

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 10. nóv. 1913 [Landskiftalög].

Frá landbúnaðarnefnd.

Landskiftalögin frá 10. nóvember 1913 eru í 15 greinum og að mörgu leyti vel úr garði gerð, enda gerir frumvarp þetta aðeins breytingar á 5 fyrstu greinum laganna.

Efni frv. er að langmestu leyti tekið upp úr lögnum, með breyttu og hagkvæmara skipulagi í sambandi við þær fáu en nauðsynlegu efnisbreytingar, sem í frv. eru fólgnar.

Það er sameiginlegt við þessar efnisbreytingar, að þær gera ákvæði laganna víðtækari heldur en þau nú eru. Engin setning í lögnum er feld niður, svo að eigi komi önnur hagkvæmari eða víðtækari í staðinn, og að sumu leyti eru ný viðbótarákvæði sett inn.

Þetta skal skýrt nokkru nánar, með upptalningu þeirra efnisbreytinga, er í frv. felast, og hliðsjón af því, er breyta þarf í lögnum eða inn í þau þarf að auka.

1. (i 1. gr.). Að aukið er nokkru í upptalningu þeirra landsnyttja, er til skifta geta komið, þar á meðal hlunnindum.

Í lögnum eru skifti hlunninda bundin við samþykki eigenda að meiri hluta þess lands, er þau fylgja. Að þessu verður vikið síðar.

2. (í 1. gr.). Að land, sem hlunnindi fylgja, getur komið til skifta á sama hátt og hvert annað óskift land.

Í lögnum (3. gr.) stendur: »Eigi skal þó, nema með samþykki eigenda að meiri hluta landsins, skifta því landi, er sjerstök hlunnindi fylgja svo sem eggver, laxveiði o. s. frv.«

Þetta ákvæði er ekki í samræmi við aðrar skiftaheimildir í lögnum og það er auðsætt, að sanngirni mælir *ekki* með því, að nokkur eigenda geti synjað um skifti á slíku landi, fremur en á öðrum landspildum. Öðru máli er að gegna um hlunnindi ýmiskonar og sjerstakar landsnytjar. Sjá síðar.

3. (í 1. gr.). Að skifti, sem eigi hafa verið staðfest eftir ákvæðum þessara laga, enda þótt þau megi telja viðurkend eða gildi þeirra verði ekki vjefengt, þá megi taka þau upp að nýju og gera á þeim annað skipulag, að því tilskildu, að ekki megi raska hlutföllum ræktaðs lands.

Um þetta vantar heimild í lögum, en oft er mikil nauðsyn á að bæta úr óhentugu skipulagi í þessu efni, og sjálfsgagt að óvilhallir menn sjeu til þess kvaddir, eigi síður en til annara landskifta.

4. (í 2. gr.). Að skifti skuli miðuð við lögmat eignahlutföll þess lands og landsnytja, sem eigi hefir verið áður skift.

Eftir ákvæðum laganna (3. gr.) á að miða landskifti við stærð jarðar eða jarðarparts eftir jarðamati. Nú er það vitanlegt, að hlutföll jarðamats á hinum einstöku býlum sameignarjarða hafa breyst meira og minna við síðasta jarðamat og munu breytast við endurnat framvegis, vegna mismunandi umbóta, ræktunar eða niðuruíðslu á túni eða annari sjereign býlanna, og eru þá og verða jarðamatshlutföll önnur en eignahlutföll sameignarlandsins. Það er því augljóst, að landskifti *eftir jarðamati* mundu í ýmsum tilfellum verða hráparlega ranglát. Til þess að útiloka slíkt ranglæti og alla óvissu um það, á hverju landskifti eiga að byggjast, vill nefndin breyta ákvæðum frumvarpsins um þetta og gera þau ákveðnari og að miklum mun víðtækari. Eins og áður er fram tekið, segir í 2. gr. frv., að skifti skuli *»miðuð við lögmat eignahlutföll þess lands og landsnytja, sem eigi hefir verið áður skift«*. Í sumum tilfellum mundu þessi eignahlutföll ekki vera auðsæ þegar í stað, t. d. ef skifta á landi jarðar, sem metin er 60 hundruð í jarðamatinu frá 1861, en þegar síðasta jarðamat var undirbúið, er jörðin lengi búin að vera í eign þriggja manna og 3 býli með skiftum tünnum, sáðreitum og engjum, eignahlutföll eru þá $\frac{1}{3}$, $\frac{1}{4}$ og $\frac{1}{4}$ eða $\frac{10}{20}$, $\frac{5}{20}$ og $\frac{5}{20}$. Við síðasta jarðamat hafa svo þessi býli verið metin, auk húsa, 22 þús., 10 þús. og 8 þúsund kr., eða $\frac{11}{20}$, $\frac{5}{20}$ og $\frac{4}{20}$ hluta úr heildinni. Hjer hafa þá *jarðamatshlutföllin* breyst til hækkunar 1. býli og til lækkunar 3. býli. Slík breyting á hlutföllum jarðamats er venjulega bein afleiðing af *mismunandi ræktun eða umbótum á skifta landinu*, og eru þá alveg óviðkomandi *egnahlutföllum* óskifte landsins; þau eru *hin sömu* eftir sem áður, og fara skiftin þá eftir þeim Brtt. nefndarinnar við 2. gr. c. fyrri málsgr. á að útiloka misskilning þessu efni.

Þá hafa komið fyrir og geta komið fyrir einstök dæmi þess, að eignahlutföll eru óviss sökum ófullnægjandi eignahæmilda. Slíka rjettaróvissu mætti sjálfsagt stundum útkljá með samkomulagi fyrir íhlutun matsmanna, og því rjett að heimila það í lögnum; að öðrum kosti verður ekki endir bundinn á slík mál nema með dómi.

Að þessu lýtur brtt. nefndarinnar við 2. gr. c. síðari málsgrein.

5. (í 2. gr.). Að ákveðin hlunnindi og fasteignarjettindi eru undanþegin skiftum, nema samþykki *allra* aðilja komi til.

Í lögnum er þetta bundið við samþykki eigenda að meiri hluta landsins, er hlunnindin fylgja. Rjettara þykir, að allir aðiljar hafi sama rjett í þessu efni.

6. (í 5. gr.). Að sýslumanni sje heimilt að kveðja annan mann í sinn stað við yfirmat.

Þessi heimild er ekki í lögnum. Notkun hennar mundi oft verða hagkvæm aðiljum.

7. (í 5. gr.). Hækkuð þóknun yfirmatsmanna.

Í lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, er þóknun til landskiftamanna (úttektarmanna) hækkuð úr 3 kr. í 5 kr. á dag, en þóknun til yfirmatsmanna hefir ekki verið breytt frá því, sem ákveðið er í landskiftalögnum. Hjer er hún hækkuð í svipuðu hlutfalli og þóknun til hinna.

8. (í 5. gr.). Að sá, sem skifta beiðist, greiði einn kostnað, ef skiftatilraun verður árangurslaus vegna þess, að heimild til skifta er ekki fyrir hendi.

Þetta ákvæði er ekki í lögnum, en er alveg hliðstætt því ákvæði laganna, að sá, sem biður um yfirmat, greiði einn kostnaðinn, ef engin breyting verður á skiftum.

Nefndin telur allar þessar breytingar, er með frv. er ætlast til, að gerðar verði á landskiftalögnum, ganga í rjetta átt og frumvarpið í heild sinni verulega umbót á þeim, ef að lögum verður.

Hún ræður því hv. deild til að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

- I. Við 1. gr. Á eftir »heimalönd sveitajarða« komi: og afrjettarlönd, sem jöfnum höndum eru notuð til vetrarbeitar.
- II. Við 2. gr.
- a. Á eftir »miðuð við« málslið á enda orðist svo: viðurkend og á lögmætan hátt staðfest eignahlutföll lands og landsnytja, er skifta á.
- b. Á eftir »námarjetti« komi: þar með talið mótak.
- c. Á eftir 1. málsg. komi 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
- Nú hafa eignahlutföll á sameignarjörð breyst við jarðamat (endurmat) fyrir misjafna ræktun eða aðrar verklegar framkvæmdir eiganda eða ábúanda, og breytast þá eigi fyrir það eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja.

Nú er ágreiningur um eignahlutföll óskifts lands eða landsnytja og næst ekki samkomulag, verður þá eigi úr því skorið nema með dómi.

Alþingi, 25. mars 1927.

Pjetur Þórðarson, Árni Jónsson, Hákon J. Kristófersson.
form. og frsm. fundaskrifari.

Jörundur Brynjólfsson. Halldór Stefánsson.